

Því heldur ekki þessi varnarástæða stefnds tekin til greina. Af sömu ástæðu verður varakrafa stefnds, um að draga kr. 82.40 frá hinni umstefndu kröfu, ekki tekin til greina, en hins vegar verður að fallast á það með stefndum, að sjóveðréttur verði ekki viðurkenndur í b/v Kára til tryggingar kröfum þessum, þar sem meir en eitt ár leið frá því, er starfstíma Garðars Jónssonar lauk í skipinu og þar til mál þetta var höfðað, og er því sjóveðréttur þessi fallinn niður fyrir fyrningu. Þá verður og að fallast á það með stefndum, að ársvextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 499.41 ásamt 5% ársvöxtum frá 26. nóvember 1943 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Dóminn skipuðu: Árni Tryggvason, settur borgardómari; og meðdómendurnir Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ólafur H. Jónsson f. h. Alliance h.f., greiði stefnanda, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 499.41 með 5% ársvöxtum frá 26. nóvember 1943 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1945.

Nr. 99/1945. Valdstjórnin (Sigurður Ólason)
gegn

Klængi Randver Jóni Kristjánssyni
(Theódór B. Líndal).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Kærði hefur viðurkennt að hafa neytt vins við akstur hér í bænum að kvöldi þess 15. júlí 1944. Hann kveðst ekki muna, hvað hann hafðist að nóttina eftir, en næsta morgun vakn-

aði hann í bifreiðinni, mikið brotinni, á Þingvallaveginum fyrir ofan Geitháls. Kveðst hann þá hafa verið með vinbragð uppi í sér og allur lerka, eins og hann hefði sofnað mikið drukkinn. Sýnishorn af blóði kærða, sem ekki var tekið fyrir en eftir hádegi sama dags, hafði að geyma 1.85%ó áfengismagn.

Með skýrslum vitna er sannað, að eftir áðurgreinda áfengisneyzlu hér í bænum fór kærði á dansleik í Reykjavík. Ók hann síðan um nóttina austur að Selfossi og Stokks-eyri með farþega. Hafði hann meðferðis flösku af áfengi, er hann átti sjálfur, og neytti hann af því við aksturinn svo og annars áfengis, er farþegar höfðu með sér. Á leiðinni að austan til Reykjavíkur ók kærði bifreiðinni utan í handrið Ölfusárbrúarinnar og reif þá aurbretti bifreiðarinnar. Undir Ingólfsfjalli fóru þeir tveir farþegar, sem vitni hafi borið í málinu, úr henni, og kveðst annað vitnið hafa gert þetta vegna þess, að það hafði talið kærða of drukkinn til að aka bifreiðinni, en framburður hins vitnisins er óljós um þetta atriði. Annað þessara vitna telur sig síðan hafa séð bifreið kærða aka austur Suðurlandsbraut kl. 6 að morgni þess 16. júlí, en að öðru leyti er ekki vitað um ferðir kærða fyrir en hann vaknaði í bifreiðinni, eins og áður segir.

Með þessu atferli sínu hefur kærði gerzt brotlegur við lagagreinar þær, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 25 daga varðhald. Svo ber og að svipta hann ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Það athugast, að sýnishorn af blóði kærða var ekki tekið svo fljótt, sem kostur var, og ekki var höfðað mál gegn honum fyrir brot á 1. málsg. 123. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Klængur Randver Jón Kristjánsson, sæti 25 daga varðhaldi. Hann skal og sviptur ævilangt leyfi til til að aka bifreið.

Akvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar skal vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Sigurðar Ólasonar og Theódórs B. Lindals, kr. 350 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 19. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Klæng Randver Jóni Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Myllunni hér í bænum, fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og áfengis-lögum nr. 33 9. jan. 1935 til refsingar, greiðslu skaðabóta og málskostnaðar. Hefur h.f. Shell á Íslandi gert skaðabótakröfu í málinu, að upphæð kr. 12700.00, fyrir eyðileggingu á bifreið.

Kærður, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. janúar 1912, var í lögreglurétti Reykjavíkur þann 5. apríl 1944 sektaður um 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri, en hefur ekki, svo vitað sé, sætt öðrum kærnum né refsingum.

Tildrög málsins eru þessi:

Sunnudaginn 16. júlí s. l. kom kærði á lögregluvarðstofuna í Reykjavík og skýrði frá því, að hann hefði unnið hjá h.f. Shell í Hvalfirði um tveggja mánaða skeið. Daginn áður var hann um kl. 13 sendur einn saman til Reykjavíkur á bifreiðinni R.N. 1006, sem m.f. Shell hefur notað til flutninga á verkamönnum milli Hvalfjarðarstöðvarinnar og Reykjavíkur, en er annars herbifreið. Átti hann á mánudaginn að aka mönnum frá Reykjavík til Hvalfjarðar. Kærði dvaldi í Reykjavík um kvöldið, fór í kvikmyndahús, og þaðan ók hann um kl. 23 í sömu bifreið áleiðis upp í Grafarholtsland, en þar taldi hann sig hafa ætlað að gista um nóttina í sumarhúsi hjá manni, er hann þekkti. Á leiðinni taldi hann sig hafa hitt 4 ameríska hermenn, sem báðu hann um að aka með sig að Café Broadway. Ók hann síðan, sem leið lá, áleiðis að veitingahúsi þessu. Taldi hann sig síðast muna til sín vestan í Selási og ekki vita, hvað gerðist eftir það fyrr en kl. 9 morguninn eftir, að hann raknaði við, og lá hann þá í bifreiðinni og vissi ekki, hvar hann var. Hann gekk síðan af stað, hitti bráðlega bifreið og fékk far með henni til Reykjavíkur. Var hann þá á gamla Þingvallaveginum. Peningaveski með 500 kr. hafði hann týnt. Veskið fannst síðar við Rauðavatn, en var þá peningalaust. Þegar hann vaknaði

í bifreiðinni, varð hann þess var, að hún var mikið brotin, eins og hún hefði oltið. Swisslyklinum hafði hann týnt.

Lögreglan fór á vettvang og fann bifreiðina R.N. 1006 skammt fyrir sunnan Hafravatn. Stóð hún þar á öllum hjólum utan til á veginum og sneri í áttina til Þingvalla. Bifreiðin bar það með sér, að hún hafði oltið á hægri hlið. Farþegahúsið, sem var úr tré, var brotið, aur og gangbretti skemmd, fjöður brotin, og rafgeymirinn lá á veginum einnig brotinn. Þess sáust ekki merki, að bifreiðin hefði oltið út af veginum í grennd við þann stað, sem hún stóð á, og bifreiðin var ekki í því ástandi, að hægt væri að aka henni. Virtist hún því hafa verið dregin þangað.

Læknir rannsakaði kærða, og fundust engir áverkar, en mar og eysli á hnakka, baki og síðu. Var og tekið blóð úr honum til áfengisákvörðunar, og sýndi blóðrannsóknin „reduktion“, er samsvavar áfengismagni 1.85‰.

Síðar í réttarhaldi viðurkenndi kærður, að hann hefði verið í kvikmyndahúsi um kvöldið með Sigtryggi Páli Sveinssyni og hafi eftir það farið heim með honum í Meðalholt og drukkið tvo til þrjá „snafsa“ af Gin. Síðan hafi hann farið beint út í bifreið og ekið burt. Vitnið Sigtryggur Páll Sveinsson hefur staðfest þetta. En síðar breytir kærður framburði sínum á þá lund, að hann muni eftir, að hann ók frá Meðalholti áleiðis niður í bæ með einhverja tvo menn, sem hann man ekki, hverjir voru, en hann muni síðast til sín, er hann ók niður Laugaveg. Hann kveðst heldur ekki geta gert sér grein fyrir, hvenær hann neytti áfengis, en hefði tekið inn brúna skammta um daginn, meðan hann dvaldi í Reykjavík.

Vitnið Sigurður Jóhann Helgason hefur skýrt svo frá, að hann hafi hitt kærðan ásamt Herði Haraldi Karlssyni í veitingasölum Oddfellowhússins umrætt kvöld, og hafi þeir boðið honum með sér austur að Selfossi, og fór hann með þeim þangað. Vitnið hafði meðferðis kampavinsflösku, en kærður brennivinsflösku. Þeir óku austur í erlendri bifreið, tóku upp tvo ameríska hermenn á leiðinni og óku þeim að Baldurshaga. Síðan tóku þeir upp amerískan hermann við Geitháls, og var hann með þeim eftir það. Ferðin austur gekk slysalaust. Frá Selfossi óku þeir til Stokkseyrar með fjóra menn, en þar varð einn eftir, en hinir óku að Selfossi aftur. Frá Selfossi óku þeir heimleiðis síðla nætur, og var með þeim kona, er fengið hafði far. Undir Ingólfssfjalli fór vitnið ásamt Herði út úr bifreiðinni, því að kærður var þá orðinn ölvaður, og vildu þeir ekki vera lengur með honum í bifreiðinni. Skildi þar með þeim. Vitnið sá ekki vín á kærða, þegar þeir fóru af stað úr Reykjavík, en á leiðinni austur drukku þeir kampavínið og brennivínið á Selfossi og í ferðalaginu að og frá Stokkseyri, og telur vitnið, að kærður hafi drukkið einna mest, enda orðið

ölvaður. Bifreiðin ók utan í Ölfusárbrúar-handriðið á leiðinni að austan, og rifnaði annað frambretti bifreiðarinnar við það. Kærður ók bifreiðinni allan tímann að undanteknum spöl í Svinahrauni, sem hermaðurinn ók.

Vitnið Hörður Haraldur Karlsson, sem var með í ferðinni austur, hefur skýrt frá þessu ferðalagi nokkurn veginn á sama hátt. Vitni þetta gat þó ekki sagt um það, hvort kærður hefði drukkið áfengi á leiðinni austur eða í ferðalaginu yfirleitt, því það hafi verið hálfsofandi á leiðinni og setið í aftursæti. Það segir og, að kærður hafi verið með áfengi meðferðis, því það hafði séð flösku hjá honum, þegar þeir fóru frá Oddfellowhúsinu. Það gefur og aðra skýringu á því, hvers vegna þeir Sigurður fóru úr bifreiðinni hjá Ingólfsfjalli. Segir, að sér hafi sinnast við konuna, er fékk far með þeim frá Selfossi, og þess vegna hafi þeir Jóhann farið úr bifreiðinni.

Kærður hefur ekki kannast við, að hann myndi eftir að hafa farið þessa ferð austur né heldur, að hann þekkti vitnið Sigurð Jóhann Helgason. Sérfræðingur í taugasjúkdómum hefur rannsakað kærðan og ekkert fundið athugavert við heilsufar hans.

Með játningu kærðs og vitnasönnunum verður að telja upplýst, að hann hafi gerzt brotlegur við 21. gr. áfengislaga nr. 33 1935, 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941 og 4. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 24 1941. Þykir refsing hans samkvæmt 29. gr. laga nr. 33 1935, 38. gr. laga nr. 23 1941, og 14. gr. laga nr. 24 1941 hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði greiði og allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Steingríms Jónssonar fyrrv. bæjarfógeta, kr. 200.00. Þá verður og að svipta kærðan rétti til að stýra bifreið 1 ár frá 20. júlí 1944 að telja, en þá var hann sviptur ökuskirteini til bráðabirgða.

Krafa um refsingu samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna hefur ekki komið fram. Hins vegar hefur h.f. Shell á Íslandi gert þá kröfu, að kærður verði dæmdur til að greiða kr. 12700.00 fyrir eyðileggingu á bifreiðinni, en þá upphæð telur félagið verð hennar að frádregnu því verðmæti úr henni, sem eftir var. Með því að kærður hefur mótmælt skaðabótakröfunni sem of hárrí, en ekki hefur fengist sundurliðun á henni og frekari rökstuðningur, telur rétturinn, að ekki verði hjá því komið að visa henni frá dómi í þessu máli.

Rékstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Klængur Randver Jón Kristjánsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sekt-

arinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið 1 ár frá 20. júlí 1944 að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Steingríms Jónssonar fyrrv. bæjarfógeta, kr. 200.00.

Skaðabótakröfu h.f. Shell á Íslandi visast frá dómi.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1945.

Kærumálið nr. 15/1945. Karl L. Benediksson

gegn

Verksmiðjunni Drífu h/f.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með kæru 19. nóvember þ. á., er hingað barst 10. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Akureyrar, er upp var kveðinn 19. nóvember s. l.

Sóknaraðili krefst þess, að téðu ákvæði héraðsdóms verði breytt og að varnaraðili verði dæmur til að greiða honum í málskostnað í héraði í máli þessu aðallega kr. 449.00 eða til vara aðra fjárhæð eftir mati hæstaréttar. Auk þess krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði dæmdur til greiðslu kærumálskostnaðar eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og sóknaraðili dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Aður en til málssóknar kom, synjaði varnaraðili sóknaraðilja allrar greiðslu fyrir starf hans tímabilið frá 1. október 1944 til loka þess árs, og kannaðist varnaraðili ekki við skyldu sína til greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem dæmd var í